


FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



3. tbl. 4. árg. mars 1989

Ábm.: Einar Bogi Sigurðsson

Ferð um Mið- og Suður Ameríku

Miðvikudaginn 5. apríl munu þeir Páll Matthíasson og Zóphanías Oddur Jónsson segja frá ferð sinni, sem tók hálf tveggja ár, um Mið- og Suður Ameríku í máli og myndum. Ferðin var farin árið 1987 og var spennandi og skemmtileg. Ferðasagan verður rakin í Háskóla Íslands í stofu 101 í Odda og hefst kl. 20.30. Stjórn Landfræðifélagsins.

Aðalfundur / Ný staðfræðikort

Aðalfundur Landfræðifélagsins verður haldinn á Holiday Inn hótelinu (fundarherbergi í kjallara) 25. apríl næstkomandi og hefst kl. 20.30. Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Á eftir venjulegum aðalfundarstörfum mun Ágúst Gunnar Gylfason segja frá og sýna ný staðfræðikort Landmælinga Íslands.

Stjórn Landfræðifélagsins.

Eyjar í nágrenni Reykjavíkur

Sunnudaginn 13. nóvember gekkst Landfræðifélagið fyrir siglingu til að skoða og fræðast um eyjarnar á sundunum norðan Reykjavíkur (Viðey, Engey, Þerney, Akurey og Lundey). Fararstjórar voru þeir Lýður Björnsson sagnfræðingur, Haukur Jóhannesson jarðfræðingur og Jóhann Guðjónsson líffræðingur.

Tæplega fimmtíu manns fóru í ferð þessa sem var mjög skemmtileg og fræðandi. Lagt var upp frá Sundahöfn kl. 14,00 á nýju glæsilegu skipi Hafsteins Sveinssonar, Maríusúð. Siglt var umhverfis flestar eyjarnar eða að þeim og dýralíf skoðað og fræðst um sögu og jarðfræði eyjanna. Gengið var á Viðey og kirkjan skoðuð og saga eyjunnar rakin. Síðan var nesti borðað í nýjum skála, sem Hafsteinn hefur byggt upp með miklum myndarskap. Þegar skyggja tók var haldið heim. Allir voru mjög ánægðir með ferð þessa og hugsuðu um það hvenær þeir ætluðu næst út á sundin norðan Reykjavíkur.

Rannsókn á útbreiðslu alnæmis á Íslandi

Fimmtudaginn 8. desember síðastliðinn hélt Sigríður Haraldsdóttir landfræðingur fyrirlestur er nefndist "Þættir sem hafa áhrif á dreifingu alnæmis á Íslandi."

Tilgangur þeirrar rannsóknar, sem þar var stuttlega lýst, var að afla nákvæmra upplýsinga um HIV smitaða einstaklinga og við hvaða kringumstæður HIV smit hefur breiðst út hér á landi, þannig að mögulegt væri að meta útbreiðslu sjúkdómsins og hugsanlega í hvað stefndi í framtíðinni. Einnig var gerð tilraun til þess að skilgreina og útskýra mikilvæga félagslega þætti sem áhrif hafa á útbreiðslu alnæmis.

Lögð var áhersla á smit við samfarir á þeim forsendum að þessi smitleið hefur verið algengust hér á landi og mun vafalaust verða svo áfram. Þegar á það er litið að nánin samskipti, samskipti sem m.a. fela í sér kynmök, eru forsenda þess að smit berist manna á milli er ljóst að kynhegðan er ákvarðandi þáttur í dreifingu sjúkdómsins. Kynhegðan er ákaflega einstaklingsbundin, en í rannsókninni var lögð áhersla á að taka þennan fjölbreytileika í mannlegum samskiptum til athugunar.

Þegar smitsjúkdómur dreifist í mannlegu samfélagi má segja að um ákveðna keðjuverkun sé að ræða. Mannlegt samfélag má hugsa sér sem net af einstaklingum sem tengjast hvor öðrum með ýmsum hætti og að smit dreifist út eftir þessu neti. Þegar rannsókuð er dreifing alnæmis er nauðsynlegt að einskorða sig við ákveðna tegund mannglegra samskipta, þ.e.a.s. kynmök.

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að líta nánar á einkenni og byggingu þess samskiptanets sem komið hefur við sögu við dreifingu HIV sýkingar hér á landi. Til þess að "endurbyggja" samskiptanetið var reynt að afla upplýsinga frá öllum þeim sem greinst höfðu með HIV smit á Íslandi. Að höfðu samráði við lækna var leitað beint til smitberanna sjálfra um upplýsingar. Eftir að læknar höfðu kannað möguleika á þátttöku hvers og eins varð niðurstaðan sú að 22 af þeim 35 einstaklingum sem þá höfðu greinst smitaðir (miðað við árslok 1987) féllust á að taka þátt í könnuninni. Þátttakendur voru m.a. beðnir að tilgreina alla þá sem þeir höfðu haft kynmök við síðan á árinu 1980. Þeir 22 einstaklingar sem tóku þátt í könnuninni tilgreindu 91 maka á sjö árum. Það samskiptanet sem sjúkdómurinn hefur breiðst út í gegnum tekur þá til 113 einstaklinga, þ.e.a.s. bæði HIV smitaðra og þeirra sem þessir einstaklingar hafa haft kynmök við.

Eftir að svör þátttakenda höfðu verið skoðuð kom í ljós að flestir þeirra sem eru smitaðir eru tengdir á beinan eða óbeinan hátt. Nokkrir einstaklingar virtust þó ekki vera tengdir öðrum íslenskum smitberum. Ástæða þessa gæti verið sú að þessir einstaklingar hafi smitast erlendis og sé það raunin, þá er ljóst að HIV smit hefur borist inn í íslenskt samfélag eftir mörgum leiðum.

Ætla má að töluvert stór hluti af þeim mökum sem tilgreindir voru hafi einhvern tíma verið í raunverulegri hættu á að smitast. Átta þessara einstaklinga eru t.d. tvíkynhneigðir karlmenn, og fjórir þeirra giftir. Þessir tvíkynhneigðu karlmenn brúa því bilið á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra þannig að smit getur eða hefur borist á milli þessara hópa eftir nokkrum leiðum.

Sú ályktun var dregin af niðurstöðum rannsóknarinnar að fjöldi maka getur ekki einn og sér gefið fullnægjandi skýringu á því hvers vegna sumir einstaklingar smitast fyrir en aðrir, og hvers vegna sumir einstaklingar hafi meiri möguleika á að dreifa smitinu en aðrir. Nauðsynlegt er að taka til greina óbein samskipti manna á milli því þessi óbeinu samskipti eru afar þýðingarmikill þáttur í dreifingu alnæmis. Sem dæmi um þetta má nefna að jafnvel þó að einstaklingur A hafi eingöngu haft samfarir við einn einstakling, B, þá getur einstaklingur B haft samfarir við fjölda annarra þannig að einstaklingur A kemst í óbeina snertingu við maka einstaklings B. Það er því ákaflega mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að þó að líkur á smiti séu meiri eftir því sem makarnir verða fleiri, þá eru fáir makar engin trygging fyrir minni útbreiðslu ef þessir makar hafa kynferðisleg samskipti við marga einstaklinga.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan gagnasöfnun lauk fyrir þessa rannsókn hefur þeim einstaklingum sem hafa greinst með HIV smit fjölgað um tíu. Enn er sýkingin algengust meðal samkynhneigðra karlmanna, en þessi rannsókn sýnir að smitið á greiðan aðgang í hóp gagnkynhneigðra. Tvíkynhneigðir brúa bilið á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra, en það er ekki síður mikilvægt að vegna samskipta Íslendinga við einstakling frá öðrum löndum þar sem sýkingin er algeng þá á smitið greiðan aðgang að öllum hópum.

Afleiðingar Dalvíkurskjálftans 1934

Árlega er farin svonefnd námsferð landfræðinema við jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands. Þessi ferð er liður í námi landfræðistudenta sem lokið hafa tveimur árum af þremur í sínu námi. Vorið 1988, nánar tiltekið dagana 1.6. - 7.6., var þessi ferð farin og í þetta sinn var Dalvík heimsótt. Í bænum búa um 1400 manns og er atvinnulíf þeirra tiltölulega fjölbreytt þó svo að útgerð gegni miklu hlutverki í þeirra störfum. Fyrir unga og upprennandi landfræðinga var því af nógu að taka í verkefnavali og kusu samstúdentar mínir að gera úttekt á iðnaði, sjávarútvegi, skipulagi bæjarins og vinnu af bæ í Svarfaðardal.

Verkefnið sem ég tók mér á hendur var af nokkrum öðrum toga. Ég ákvað að skoða skemmdir er urðu af völdum Dalvíkurskjálftans 1934 og kortleggja þær. Í upphafi spurði ég mig þeirra spurningar, hvort um væri að ræða svæðaskiptingu á tjóni í skjálftanum? Til þes að nálgast niðurstöður ákvað ég að kortleggja hlutfallið á milli skemmdarmats og fasteignmats með svokallaðri jafngildislínuaðferð.

Þegar til Dalvíkur var komið heimsótti ég Héraðsskjalasafn Svarfæla og gluggaði þar í Gjörðabók jarðskjálftanefndarinnar frá 1934 og ýmis fleiri skjöl.. Reyndist þetta ekkert áhlaupaverk þar sem mikið var til af gögnum. Ég fann þó að lokum það sem ég leitaði að en þá var aðeins hálfur sigurinn unnin. Næsta skref var að fá nöfnin á öllum húsum á Dalvík 1934 og var ég svo heppin að það var allt samviskusamlega skráð í Dalvíkursögu Kristmundar Bjarnasonar. Lokaskrefið á Dalvík var svo að fá upplýsingar um húsaskipan þar fyrir árið 1934.

Með ofangreindar upplýsingar í farteskinu hófst svo úrvinnslan um haustið. Eins og áður sagði notaði ég jafngildislínuaðferð til þess að kortleggja skemmdir. Aðferðin var í því fólgin að ég notaði hvert hús sem einn punkt og voru línurnar síðan dregnar þar á milli og þurfti ég því að reikna út hlutfall skemmdarmats og fasteignamats fyrir hvert hús. Í þessari tölulegu úrvinnslu komu ýmsar forvitnilegar upplýsingar fram. Í ljós kom að hlutfallið milli skemmdarmats og fasteignamats var að meðaltali 23,7% og þótti mér sú tala frekar lág miðað við það að skjálftin var 9 á Merkálí kvarða á Dalvík. Þess ber að geta að í skemmdarmatskýrslum kemur í ljós að af 74 húsum á Dalvík, voru 44% steinhús 32% timburhús og 24% torfbærir. Af torfbæjunum urðu 24% óíbúðarhæfir, 25% timburhúsanna og 18% steinhúsanna. Af þessu sést að steinhús voru í meirihluta af húsakostinum og skemmdust minnst, enda reyndust þau flest vera byggð með tvöfalda veggj og úr jámbentri steinsteypu.

Ýmsir skekkjuvaldar geta þó komið inn í dæmið. Hér ber að nefna það að ég vissi ekki nákvæmlega hvaða ár fasteignamatið sem ég notaði var gert. Ef það


DREIFING BYGGÐAR Á DALVÍK

1934



Nafnaskrá

- | | | |
|---------------|-------------|----------|
| 1 Hagstúfa | 21 Sölgætur | 41 Hólm |
| 2 Hjaltefelli | 22 Brúna | 42 Hólm |
| 3 Hjaltefelli | 23 Þunna | 43 Sæfnd |
| 4 Hólm | 24 Hólm | 44 Hólm |
| 5 Hólm | 25 Hólm | 45 Hólm |
| 6 Hólm | 26 Hólm | 46 Hólm |
| 7 Hólm | 27 Hólm | 47 Hólm |
| 8 Hólm | 28 Hólm | 48 Hólm |
| 9 Hólm | 29 Hólm | 49 Hólm |
| 10 Hólm | 30 Hólm | 50 Hólm |
| 11 Hólm | 31 Hólm | 51 Hólm |
| 12 Hólm | 32 Hólm | 52 Hólm |
| 13 Hólm | 33 Hólm | 53 Hólm |
| 14 Hólm | 34 Hólm | 54 Hólm |
| 15 Hólm | 35 Hólm | 55 Hólm |
| 16 Hólm | 36 Hólm | 56 Hólm |
| 17 Hólm | 37 Hólm | 57 Hólm |
| 18 Hólm | 38 Hólm | 58 Hólm |
| 19 Hólm | 39 Hólm | 59 Hólm |
| 20 Hólm | 40 Hólm | 60 Hólm |




● Hus
 ○ Adalvegur
 Ströndina 1934

1:10000

TOU I DALVIKURSKJALFTANUM

1934.

Nýpöld 1.



Hlutfall
Skemmdarmats
af facteygnamat.
0/0

EYJAFJÖRDUR

hefur verið komið til ára sinna þá gæti það skapað ákveðið vanmat í hlutfallsútreikningunum. Undirlag húsanna skiptir líka máli, t.d. hvort það er sandur eða hörð klöpp og ekki má gleyma gerð húsanna eins og skýrt var hér að ofan.

Loka niðurstöður þessa verkefnis urðu þær að tvö svæði nyrst og syðst í bænum urðu verst úti eða með yfir 100% skemdarhlutfall miðað við fasteignamat (sjá mynd 1). Ég notaði vísvitandi nýlegt skipulagskort sem kortagrunn fyrir þessa mynd til þess að sýna hvar hugsanlega gætu orðið mestar skemmdir ef bærinn yrði fyrir öðrum eins skjálfta. Þess ber að geta að nokkur munur er á þessum tveimur svæðum. Á norður svæðinu var byggðin þéttari og undirlag jökulurð en á suðursvæðinu var jarðvegur sendnari. Til gamans set ég hér með mynd sem sýnir byggðina á Dalvík eins og hún var í kringum 1934 (sjá mynd 2).

Vona ég að ofanritað varpi einhverju ljósi á það tjón er varð í Dalvíkurskjálftanum 2. júní 1934.

Hjalti Guðmundsson landfræðinemi

Ný staðfræðikort og íslenskur kortastaðall

Landmælingar Íslands hafa gefið út átta staðfræðikort í mælikvarða 1:25 000 af Reykjavík- og Hengilssvæðinu. Þessi kort eru unnin eftir nýjum staðli um kortagerð en fyrsti hluti hans kemur út um leið og kortin.

Staðfræðikortin sem nú koma út ná yfir svæðið frá Seltjarnarnesi í vestri og austur fyrir Þingvallavatn (frá 21. gráðu vestlægrar lengdar að 22. gráðu vestlægrar lengdar) og frá Stórameitli í suðri norður á Esju (frá 64 gráðum norður breiddar að 64 gráðum og 15 mínútum norður breiddar). Kortin eru teiknuð í þverstæðri Merkatorvörpun.

Hvert kortblað þekur 168,5 ferkílómetra og kortblöðin átta þekja 1348 ferkílómetra. Kortin eru prentuð á vandaðan pappír og er hver ör 84 cm á lengd og 59,4 cm á breidd.

Margir aðilar hafa átt þátt í gerð þessara korta, ýmist greitt hluta kostnaðar eða lagt fram vinnu og þekkingu. Þeir eru auk Landmælinga Íslands: Skipulagsstjórn ríkisins, Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, Hitaveita Reykjavíkur, Vatnsveita Reykjavíkur, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur, Vegagerð ríkisins, Póstur og sími, Skógrækt ríkisins,

Landgræðsla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Jarðfræðistofa Raunvísindastofnunar Háskólans og Flugmálastjórn.

Landmælingar, myndmæling og teiknun korta eftir loftmyndum var unnin af verkfræðistofunni Hnit h/f. Landmælingar Íslands sáu um töku loftmynda, landgreiningu, val örnefna á kortin og staðsetningu þeirra, hönnun korta og undirbúning þeirra til prentunar. Jarðfræðistofa Raunvísindastofnunar Háskólans og Landmælingar Íslands sáu um að færa mörk sveitarfélaga inn á kortin og Gróðumýtingardeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sá um gróðurgreiningu.

Staðfræðikortin í mælikvarða 1:25 000 eru prentuð í fimm litum, svörtum, bláum, brúnum, grænum og rauðum lit. Þau sýna 5 metra hæðarmun og á þeim eru öll mannvirki sýnd, s.s. byggingar, vegir, veitur o.fl.. Alls eru 164 tákn notuð við gerð þessara korta.

Ef kortleggja ætti allt landið í mælikvarða 1:25 000 þá yrðu það 770 kortblöð, til gamans má geta þess að kort í þeim mælikvarða myndi þekja rúmlega 200 fermetra, en ætlunin er að teikna slík kort af byggð og landi sem er undir 200 metra hæð yfir sjó. Það verða 478 kortblöð.

Kort sem þessi hafa margvíslegt notagildi bæði fyrir stofnanir og almenning, stofnanir s.s. Vegagerð ríkisins og Póstur og sími geta notað þau við skipulagningu framkvæmda, þau má nota við gerð svæðaskipulags, einnig má nota þau sem grunn fyrir önnur kort, sem dæmi mætti nefna gróður- og jarðakort eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins gefur úr eða jarðfræðikort.

Almenningi nýtast kortin við að kynnast landinu vegna nákvæmni sinnar. Til dæmis eru kortin hentug til notkunar í gönguferðum.

Íslenskur kortastaðall sem nú kemur út er fyrsti hluti af umfangsmiklu verki sem fjalla á um alla þætti kortagerðar. Þar veður kveðið á um vinnuaðferðir og efnistöð í kortagerð jafnt hvað varðar staðfræðikort og kort til sérþarfa.

Í þeim hluta staðalsins sem nú kemur út er meðal annars að finna tákn sem nota á á kortum, letursýnihorn og leturtöflu fyrir einn flokk staðfræðikorta og töflu sem sýnir hvað skuli sýnt á staðfræðikortum í mismunandi mælikvörðum.

Við hönnun tákna var höfð hliðsjón af erlendum stöðlum um kortagerð og einnig var haft samráð við marga sem vinna að kortagerð utan stofnunarinnar og marga sem nota kort.

Markmiðið með gerð þessa staðals er að samræma kortagerð á Íslandi með það fyrir augum að það fjármagn sem veitt er til kortagerðar nýtist sem best.

Kortin verða seld almenningi í kortaverslun Landmælinga Íslands að Laugavegi 178, 2. hæð, þau kosta 360 krónur.

Ágúst Gunnar Gylfason, landfræðingur Landmælingum Íslands, kortadeild

Scandinavian Atlas og Historic towns No. 6 - Reykjavík

Nýlega kom út hjá Árbæjarsafni, Scandinavian Atlas of Historic towns No. 6 - Reykjavík. Hér er um að ræða norræna ritröð þar sem fjallað er, á hliðstæðan hátt um 15 borgir og bæi á Norðurlöndum.

Ritið um Reykjavík er unnið af Salvöru Jónsdóttur landfræðingi í samvinnu við Nönnu Hermansdóttur fyrverandi borgarminjavörð.

Það sem einkennir þessa ritröð er að meginuppistaða hennar eru kort. Teiknuð eru kort til að lýsa staðreyndum á einfaldan og ljósan hátt.

Tilgangurinn er að leggja upplýsingarnar um byggð og íbúa fram á þann hátt að auðvelt sé að bera saman þróun ýmissa borga. Til grundvallar liggja hugmyndir um að sameiginleg munstur megi finna í borgarbyggðinni þó aðstæður séu mismunandi.

Aðaláherslan hefur verið lögð á að sýna hvernig búseta manna dreifist eftir atvinnu og þjóðfélagsstöðu á ákveðnu tímabili fram til iðnbyltingar en með henni urðu breytingar á búsetu.

Upplýsingar frá síðari hluta 19. aldar (1850-1902) eru merktar inn á samíðarkort af Reykjavík en svæðið sem athugað var er innan Hringbrautar og Snorrabrautar.

Reynt er að benda á atriði í sögu bæja, sem tengja má öðrum rannsóknum í leit að skýringum á myndun borgarumhverfis. Gert er ráð fyrir að nota megi útgáfuna til stuðnings við önnur verkefni í þéttbýlisrannsóknum.

Þróun byggðarinnar á 19. öld er sýnd á kortum. Í verkinu kemur fram m.a. að ákveðnar stéttir manna hafa búið í ákveðnum hverfum og sömuleiðis að húsagerð var mismunandi eftir hverfum.

Á kortum má einnig sjá hverjar voru þéttbýlustu göturnar í Reykjavík á síðari hluta 19. aldar og um aldamótin, svo dæmi séu nefnd.

Allur texti og kortaskýringar eru á íslensku, sænsku og ensku.

Helstu efnisþættir verksins eru þessir:

Ýmis staðfræðikort af Reykjavík og nágrenni, frá 1789 til ársins 1902.

Kort sem sýnir sérstaklega landshætti í Reykjavík, hæðarlínur, vatnsból, útræði og mógrafir á 19. öld.

Kort sem sýnir lögsagnarumdæmi og kaupstaðarlóð bæjarins 1876-1902.

Kort yfir opinberar byggingar og samkomustaði í Reykjavík.

Kort sem sýna byggðar lóðir í Reykjavík 1850-1902. (sjá meðf. kort)

Kort sem sýnir húsahæðir í Reykjavík 1902 (einlyft, tvílyft, þrílyft).

Kort yfir virðingarverð húseigna í Reykjavík 1902.

Kort sem sýna íbúafjöldann í Reykjavík 1902.

Kort yfir atvinnuskiptingu húsráðenda í Reykjavík 1850-1902.

Auk þessa er fjallað í texta um byggð, byggingar og íbúa í Reykjavík á síðari hluta 19. aldar.


Áður en hægt var að færa inn á uppdrætti upplýsingar um byggingar og eigendur þeirra þurfti að finna húsum og lóðum stað við seinni tíma götur og götunúmer. Lóðirnar höfðu ekki sömu númer, nöfn húsanna hafa oft breyst og mörg húsín eru horfin, þannig að baki kortanna liggur mikil vinna. Upplýsingar um byggingar og eigendur þeirra eru teknar úr brunavirðingum, sóknartölum, bæjarskrám og ýmsum fleiri heimildum, Auk þess var stuðst við ýmiss kort af Reykjavík fram til 1902.

Vísindasjóður veitti tvisvar styrk til verksins en Reykjavíkurborg hefur annars greitt kostnað við það. Norræni menningarmálasjóðurinn studdi verkefnið frá upphafi og veitti sérstakan styrk til útgáfunar.


Ritið um Reykjavík er það sjötta í ritröðinni eins og áður segir en áður hafa komið út bækur um Ribe og Stege í Danmörku, Turku-Abo og Borga-Porvoo í Finnlandi og Uppsala í Svíþjóð.

Torfbærir 1902
Torrvstugar 1902
Turf houses 1902

0 100 200 m



Heimild kállla source: Byggðar lóðir í Reykjavík (Árbæjarsafn)
Grunnkort undirlegðanna map base: Reykjavík 1984 (Hitt hl. verkfræðisöfá 1985).



Landmótun og byggð í fimmtíu ár.

Á árinu 1987 voru 50 ár liðin frá því að farið var að taka og nota loftmyndir við kortagerð á Íslandi.

Danska landmælingastofnunin Geodætisk Institut, lét taka loftmyndir 1937 og 1938 til þess að ljúka kortagerð af hálandi landsins. Á næstu árum voru teknar loftmyndir á vegum Breta, Þjóðverja og Bandaríkjamanna, en árið 1950 hóf Ágúst Böðvarsson töku loftmynda fyrir Landmælingar Íslands.

Í loftmyndasafni Landmælinga Íslands eru nú um 130.000 myndir. Flestar þeirra hafa verið teknar á vegum stofnunarinnar en einnig hafa nokkrir flokkar mynda, sem erlendir aðilar tóku hér á landi, verið afhentir safninu.

Safnið hefur verið endurskráð á síðustu árum og er upplýsingum dreift á hverju ári til notenda. Árlega eru á ljósmyndastofu LMÍ unnar þúsundir myndar fyrir aðra notendur en Landmælingar Íslands.

Notkun loftmynda er mikil og almenn hér á landi. Á vegum opinberra aðila eru þær helst nýttar við kortagerð, skipulagsmál og hvers konar rannsóknir á landinu, en á vegum einstaklinga helst vegna landamerkjamála, sumarbyggðar og örnefnasöfnunar.

Loftmyndasafnið er einstakt í sinni röð. Það er meðal stærstu myndasafna landsins, er mjög aðgengilegt, allar loftmyndirnar eru varðveittar á sama stað og sérhver Íslendingur hefur möguleika á að fá unnar myndir eftir filmum úr safninu. Þetta er ólíkt því sem víða gerist erlendis, þar sem loftmyndir eru dreifðar hjá mörgum stofnunum og aðgangur að þeim takmarkaður fyrir almenning.

Heimilda gildi safnsins er geysimikið og hvernig sem á er litið er það þjóðinni ómetanlegt. Úr myndunum má lesa þær breytingar sem orðið hafa á yfirborði landsins á síðustu áratugum, og bera þær saman. Margir eiga erfitt með að trúá sínum eigin augum er þeir sjá loftmyndir af sumum svæðum frá mismunandi tímum. Má þar nefna dæmi um aukningu byggðar víða um land, verklegar framkvæmdir (vegi, brýr, virkjanir og stóriðju) og náttúrfarslega þætti eins og hopun jökla, myndun nýs lands og eyðingu byggðar í Heimaey og sjávarrof við Surtsey.

Nýlega kom út bókin "Landmótun og byggð í fimmtíu ár" og eru í henni 50 loftmyndir úr loftmyndasafni LMÍ. Myndirnar eru allar teknar lóðrétt niður úr flugvélum og sýna þær fjölbreytta náttúru og staðhætti víðs vegar á landinu, draga auk þess sérstaklega fram landslagsform og sýna breytingar sem orðið hafa á landi af völdum manna og náttúru.

Myndir eru allar svart-hvítar og er þeim ætlað að vera eins konar þversnið af safninu bæði hvað varðar tíma og myndefni.

Tilgangurinn með útgáfu bókarinnar er að kynna loftmyndasafnið og þann fjársjóð heimilda sem þar er að finna. Breytingar á landi eru oft ekki merkjanlegar ár frá ári, en eru augljósar og mælanlegar á loftmyndum, sem teknar eru með margra ára millibili. Því sem þær sýna verður seint lýst með orðum.

(Úr sýningarskrá loftmyndasýningar í Norrænahúsinu 11-30. nóv. 1988)

Þorvaldur Bragason/Magnús Guðmundsson

